

## SAMÞYKKT

### um breytingu á samþykkt um stjórn Hörgársveitar og fundarsköp sveitarstjórnar, nr. 678/2013.

1. gr.

2. mgr. 8. gr. samþykktarinnar breytist og orðast svo:

Sveitarstjórn heldur reglulega fundi í skrifstofu sveitarfélagsins fyrsta og fjórða fimmtudag í mánuði, kl. 08.30, nema sveitarstjórn ákveði annað. Þó heldur sveitarstjórn ekki reglulegan fund í júlímánuði.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 40. gr. samþykktarinnar:

a. Inngangslíður C-liðar breytist og orðast svo: Auk þess tekur sveitarstjórn þátt í kosningu og starfsemi við eftirtaldir nefndir, stjórnir, ráð og þjónustu á sameiginlegum vettvangi sveitarstjórna í Eyjafirði, eftir því sem við á hverju sinni:

b. 1. tl. C-liðar fellur brott og uppfærast eftirkomandi töluliðir í samræmi við það.

c. Við C-lið bætast tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:

*Umdæmisráð barnaverndar.* Samkvæmt samningi um rekstur umdæmisráðs landsbyggða skipa aðildarsveitarfélögin fimm manna valnefnd sem fer með umboð sveitarfélaganna til skipunar í umdæmisráð barnaverndar. Skipunartími umdæmisráðs er fimm ár.

*Barnaverndarþjónusta á Norðurlandi eystra.* Samkvæmt samningi um rekstur barnaverndarþjónustu á Norðurlandi eystra, sbr. auglýsingu nr. 380/2026, fer Akureyrarbær með verkefni barnaverndarþjónustu samkvæmt 10. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002, sem ekki eru falin öðrum.

3. gr.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Hörgársveitar hefur sett samkvæmt 9. gr. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Innviðaráðuneytinu, 15. maí 2026.*

F. h. r.

**Aðalsteinn Þorsteinsson.**

\_\_\_\_\_  
*Ólöf Sunna Jónsdóttir.*

\_\_\_\_\_  
B deild - Útgáfudagur: 1. júní 2026